

Miðvikudaginn 18. júní 1986.

Nr. 251/1984. **Bára Kolbrún Pétursdóttir**
Alda Guðbjörg Pétursdóttir og
Viðir Már Pétursson f.h. dánarbús
Péturs Jónassonar
 (Árni Halldórsson hrl.)
 gegn
Grétari Heimi Helgasyni
 (Sveinn Snorrason hrl.)

Lífsgjöf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjendur skutu héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. desember 1984 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, útgefna sama dag. Áfrýjendur krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og dómkröfur þeirra í héraði teknar til greina, þ.e. að gjafaafsal útgefið af föður þeirra, Péttri Jónassyni, dagsett 28. júlí 1983, verði dæmt ógilt og að þar greindar eignir komi til skipta í dánarbúi hans. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Líta verður svo á eftir gögnum málsins að héraðsdómi sé áfrýjað af hálfu dánarbús Péturs Jónassonar þó að þess sé ekki berlega getið í áfrýjunarstefnu.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber áfrýjendur til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti og þykir hann hæfilega ákveðinn 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Bára Kolbrún Pétursdóttir, Alda Guðbjörg Pétursdóttir og Viðir Már Pétursson f.h. dánarbús Péturs

Jónassonar, greiði stefnda, Grétari Heimi Helgasyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Í lokakafla hins áfrýjaða dóms segir m.a. svo: „Þótt gjöfin hafi verið efnd í lifanda lífi Péturs Jónassonar sker það ekki að fullu úr um, hvort hún verður talin lífsgjöf eða dánargjöf, sbr. lokamálslið 54. gr. erfðalaga nr. 82, 1962 um gjafir á dánarbeði.“ Síðan vísar héraðsdómari til framburðar vitnanna Helga Seljan og Unnar Bjargar Gunnlaugsdóttur um að sýnt hafi verið fram á, að Pétur Jónasson hafi um nokkurt skeið haft í hyggju að gefa stefnda umræddar eignir eða a.m.k. hluta þeirra.

Í framburði vitnisins Unnar Bjargar Gunnlaugsdóttur kemur fram, að vitnið hafði heyrt Pétur heitinn tala um að Grétar Heimir fengi hlutdeild í eignum hans og að hann hafi verið fastur á því að gengið yrði þannig frá málum, að Heimir fengi Laufás. Ekki verður af framburði þessum neitt ráðið um það með hverjum hætti Pétur Jónasson ætlaði að tryggja Grétari Heimi þetta, þ.e. hvort hann ætlaði að gefa honum eignirnar eða ánafna í arfleiðslugerningi. Þá kveður vitni þetta ekki hafa komið fram hjá Pétri hvenær þetta ætti að gerast. Vitnið kveður þessa umræðu hafa farið fram áður en það fluttist úr nágrenni við Pétur á árinu 1982.

Í vottorði Helga Seljan segir að Pétur Jónasson hafi oft rætt um það við hann (Helga) „að hann þyrfti að ráðstafa eignum sínum á þann veg að tryggt yrði að Grétar Heimir Helgason væri eigandi er hann félli frá.“

Ég tel, að á orðalagi þessa vottorðs sé niðurstaða héraðsdóms byggð.

Afsalið var gefið út á dánarbeði svo sem mér virðist héraðsdómari ganga út frá í hinni tilgreindu málsgrein í héraðsdóminum, enda staðfesta læknisvottorð það hvort sem Pétri Jónassyni hefur verið sagt það berum orðum eða ekki að hann væri að deyja. Ég tel niðurstöðu dómsins reista á orðalagi vottorðs Helga Seljan svo sem að framan greinir, vætti lækna um skýra hugsun Péturs heitins, sem

ég fæ ekki séð að ráði úrslitum er skorið er úr um hvort um lífsgjöf eða erfðagerning hafi verið að ræða, og almennri heimild eignarréttar til þess að ráðstafa eignum í lifanda lífi. Hið síðasta er máli því sem hér þarf að skera úr um einnig óviðkomandi, þar sem úrlausnarefnið er ekki um það hvort mönnum sé heimil slík ráðstöfun inter vivos, heldur hitt, hvort um lífs- eða dánargerning hafi hér verið að ræða. Ég tel þá vottorð vitnisins Helga Seljan eitt verða að standa undir niðurstöðu héraðsdóms um að um lífsgjöf hafi verið að ræða þótt á dánarbeði hafi verið gefin, þar sem hér hafi aðeins verið um að ræða formlega staðfestingu á áður veittri gjöf. Þetta tel ég ekki eitt sér nægjanlega sterkan grundvöll til þess að víkja til hliðar þeirri meginreglu íslensks réttar, að skylduerfingar verði ekki sniðgengnir nema að fullnægðum ströngum reglum og takmörkunum erfðalaga.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að það hafi verið reifað í héraði á þeim grundvelli, að gjafaafsalið gæti verið gilt sem arfleiðslugerningur innan ráðstöfunarheimildar arfleiðanda og málið var eigi heldur reifað á þeim grundvelli fyrir Hæstarétti. Ég tel því að takmarka beri niðurstöðu dóms í þessu máli við skjalið sem löggerning inter vivos og er því niðurstaða mín sú að taka beri til greina dómkröfu áfrýjenda um ógildingu skjalsins sem gjafagernings án þess að með því sé skorið úr um hugsanlega þýðingu þess sem arfleiðslugernings.

Ég tel rétt að málskostnaður falli niður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Suður-Múlasýslu 15. júní 1984.

I.

Mál þetta er höfðað með stefnu birtri 23. febrúar sl.

Stefnendur eru Bára Kolbrún Pétursdóttir, Steinholtssvegi 11, Eskifirði, nnr. 0962-8436, Alda Guðbjörg Pétursdóttir, Brekkugötu 5, Reyðarfirði, nnr. 0206-7374 og Viðir Már Pétursson, Hæðargerði 15, Reyðarfirði, nnr. 9191-3119, fyrir hönd dánarbús Péturs Jónassonar.

Stefndur er Grétar Heimir Helgason, Seylu, Reyðarfirði, nnr. 2741-5598.

Dómkröfur stefnenda eru þær að gjafaafsal, útgefið af föður þeirra, Pétri Jónassyni, hinn 28. júlí 1983, verði dæmt ógilt þannig að þar greindar eignir komi til skipta í dánarbúi Péturs Jónassonar. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnds að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar að skaðlausu eða samkvæmt mati dómsins.

Málið var þingfest 29. febrúar sl. og dómtekið 30. f.m. að loknum munnlegum málflutningi.

Sáttaumleitun bar ekki árangur.

II.

Hinn 6. ágúst 1983 lést Pétur Jónasson, fæddur 23. september 1904, síðast til heimilis að Mánagötu 5 (Laufási), Reyðarfirði, á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Hann hafði verið lagður inn á sjúkrahúsið hinn 13. júlí s.á. vegna gulu, en strax lék grunur á að hann væri haldinn illkynja sjúkdómi. Staðfestist grunurinn við aðgerð daginn eftir og var sýnt að meinið, illkynja æxli í briskirtli, myndi draga hann til dauða á tiltölulega skömmum tíma.

Á meðan Pétur lá á sjúkrahúsinu, eða hinn 28. júlí 1983, undirritaði hann svohljóðandi „GJAFAAFSAL“:

„Ég undirritaður, Pétur Jónasson, Mánagötu 5, Reyðarfirði, nnr. 7099-7126, gef hér með dóttursyni mínum, Grétari Heimi Helgasyni, Seylu, Reyðarfirði, nnr. 2741-5598, sem er fjárráða, húseign mína nr. 5 við Mánagötu á Reyðarfirði ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, að fasteignamati kr. 286.000,00 tvöhundruðáttatíuogsexþúsund krónur.

Húseignin er gefin í því ástandi sem hún nú er í, með öllum þeim sömu réttindum og ég átti hana.

Á 1. veðrétti eignarinnar hvílir skuld við Lífeyrissjóð Austurlands, skv. veðleyfi mínu dags. 21/2 1978. Á 2. veðrétti eignarinnar hvílir skuld við Lífeyrissjóð Austurlands, skv. veðskuldabréfi útg. 20/3 1978, upphaflega að fjárhæð kr. 5.973,00, en nú að eftirstöðvum kr. 3.840,00. Tekur Grétar Heimir að sér greiðslu þessarar skuldar með samþykki Lífeyrissjóðs Austurlands, sbr. meðfylgjandi yfirlýsingu. Engar aðrar veðskuldir hvíla á eigninni og engar kvaðir.

Jafnframt gef ég Grétari Heimi hlut minn í jörðinni Sléttu, Reyðarfirði, og bifreiðina U-3604.

Engin skilyrði fylgja gjöf þessari. Afsalshafi skal greiða kostnað af stimplun og þinglýsingu skjals þessa.

Til staðfestu ritum við báðir nöfn okkar í votta viðurvist.“

Grétar Heimir Helgason, stefndur í máli þessu, samþykkti móttöku gjafar með nafnritun sinni á skjalið.

Gjafaafsalið var móttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu hinn 5. ágúst 1983, degi áður en Pétur andaðist.

Erfingjar Péturs eru fjögur börn hans, þau Bára Kolbrún, Alda Guðbjörg, Viðir Már og Siggerður Svala, sem er móðir stefnds. Á skiptafundi

hinn 15. febrúar sl. fengu þrjú hin fyrst töldu leyfi skiptaréttar Suður-Múlasýslu til þess að höfða mál þetta.

III.

Í greinargerð stefnds kemur fram að stefndur hafi að miklu leyti verið alinn upp hjá afa sínum, Pétri heitnum, og ömmu, Bergljótu Einarsdóttur, sem var sambýliskona Péturs í 42 ár, en þau slitu samvistir á árinu 1979.

Eftir sambúðarslitin hafi stefndur búið hjá afa sínum og rekið með honum sauðfjárbúskap. Hafi Pétur lýst því yfir við ýmsa aðila að hann ætlaði að gefa dóttursyni sínum, stefndum, húseignina Mánagötu 5 og hluta sinn í jörðinni Sléttu. Hafi hann skýrt Helga Seljan alþingismanni frá þessu meðal annarra og jafnframt óskað eftir því að hann aðstoðaði sig við að ganga frá formlegum löggerningi í því skyni.

Lögð hefur verið fram í málinu yfirlýsing Helga Seljan, dags. 13. mars sl., þar sem segir:

„Ég undirritaður votta það hér með að á undanförnum árum ræddi Pétur heitinn Jónasson það oft við mig að hann þyrfti að ráðstafa eignum sínum þann veg að tryggt yrði að Grétar Heimir Helgason væri eigandi er hann félli frá. Þetta var margyfirlýst við mig af Pétri. Á sl. sumri hringdi hann til mín og kvaðst verða að koma þessum málum í umrætt horf.

Ég leitaði þá til Inger L. Jónsdóttur um aðstoð. Hún benti mér á form gjafabréfs sem Pétur heitinn taldi æskilegt og ágætt þrátt fyrir að ég greindi honum frá möguleikum lögerfingja til ógildingar.

Tiltók hann síðan áður en hann fór á sjúkrahúsið þau atriði sem hann vildi að fram kæmu í gjafaafsalinu. Þau voru sett þar öll og komið í löglegt form. Pétur gekk svo eftir því á sjúkrahúsinu að undirrita þetta sem fyrst en ég dró það nokkuð þar sem vænst var heimkomu hans. Þegar svo afsalið var undirritað 28. júlí 1983 var Pétur vel hress andlega og lýsti í lokin ánægju sinni með það að nú væri þetta komið í kring. Gjafaafsalið og þau atriði, sem þar voru upptalin, voru enda í fyllsta samræmi við allt það sem Pétur hafði áður greint mér frá og raunar ýmsum fleiri um vilja sinn til ráðstöfunar eigna sinna.“

Yfirlýsingu þessa hefur Helgi Seljan staðfest fyrir dómi.

Vitnið Magnús Guðmundsson hreppstjóri, Stekkjarbrekku 12, Reyðarfirði, kvaðst hafa búið um langan tíma í nágrenni við Pétur Jónasson og þekkt hann vel. Sagði vitnið að Pétri hefði þótt ákaflega vænt um stefndan og kvað hann konu sína hafa haft eftir Pétri á árinu 1981 og síðar að hann ætlaði stefndum húsið Laufás (Mánagötu 5) á Reyðarfirði.

Vitnið Unnur Björg Gunnlaugsdóttir, eiginkona Magnúsar Guðmundssonar hreppstjóra, kvaðst hafa heyrt Pétur heitinn tala um, og hafi hann

verið fastur á því, að hann gengi þannig frá málum að stefndur fengi Laufás.

Börn Péturs heitins, sem höfða mál þetta fyrir hönd dánarbúsins, hafa öll komið fyrir dóminn.

Bára Kolbrún Pétursdóttir kvað föður sinn aldrei hafa rætt við sig um að ráðstafa eignunum sem gjafaafsalið fjallar um. Hún kvaðst hafa spurt hann hvort hann vildi ráðstafa eignum með einhverjum hætti, en hann hafi eytt slíku tali, þó talað um að stefndur fengi að halda kindunum sem hann átti.

Hún sagði að lækni hefði sagt sér, eftir að faðir hennar var skorinn upp, að faðir hennar gengi með krabbamein. Hafi honum ekki verið sagt frá þessu, en hún taldi að hann hefði vitað það.

Viðir Már Pétursson sagði föður sinn aldrei hafa rætt um það við sig að ráðstafa eignum þeim sem gjafaafsalið fjallar um. Hann kvaðst ekki minnst þess að faðir hans hefði rætt um ráðstöfun eigna til handa stefndum, en hann hefði haft það á tilfinningunni að faðir hans vildi ráðstafa einhverju til stefnds.

Viðir kvaðst hafa vitað með hvaða sjúkdóm faðir hans gekk þegar hann lá á sjúkrahúsinu á Neskaupstað, en föður hans hafi ekki verið sagt frá því. Hann sagði sér hafa fundist koma fram í viðræðum þeirra að faðir hans hefði grun um sjúkdóminn.

Alda Guðbjörg Pétursdóttir kvað föður sinn hvorki hafa rætt við sig um ráðstöfun þeirra eigna sem gjafaafsalið fjallar um né annarra eigna. Hún sagði að aldrei hefði verið náð samband milli þeirra feðgina og þau ekki verið trúnaðarvinir. Hún hafi heimsótt hann oft á sjúkrahúsið í Neskaupstað og vitað hvað að honum gekk. Honum hafi ekki verið sagt frá því, að minnsta kosti hafi hún ekki gert það, en hann hafi oft talað um að hann væri að deyja.

Lögð hafa verið fram bréf Magnúsar Ásmundssonar, yfirlæknis á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, dags. 20. febrúar sl., og Eggerts Brekkan, yfirlæknis á sama sjúkrahúsi, dags. 27. mars sl., en í bréfum læknanna eru svör við fyrirspurnum lögmanna aðila um banalegu Péturs Jónassonar.

Í bréfi Magnúsar yfirlæknis til Árna Halldórssonar hrl. segir:

„Hér kemur svar við fyrirspurn þinni frá 15. febr. varðandi Pétur Jónasson, Mánagötu 5, Reyðarfirði.

Hann var lagður á sjúkrahúsið í hinsta sinn 13.07.83. og lést 06.08.83. Banamein hans var illkynja æxli í brisirtli með útsæði til lifrar.

Þegar hann kom á sjúkrahúsið var hann í allgóðu ástandi, en mjög gulur og var því daginn eftir gerð á honum aðgerð í því skyni að létta gallstíflu, sem hann hafði.

Hann komst á fætur, en hrakaði hægt og hægt uns hann lést. Dagana

26.-29.07.83 hafði hann þó lítils háttar fótaferð. Hann var algjörlega skýr í hugsun alla banaleguna, alveg framundir síðasta dag.“

Í bréfi Eggerts yfirlæknis til Sveins Snorrasonar hrl. segir:

„1. Sjúklingur var lagður inn á sjúkrahúsið vegna gulu. Strax við komu hans þann 13.07. var sterkur grunur um að sjúklingur væri með illkynja sjúkdóm sem sannaðist við aðgerð daginn eftir. Vegna gulunnar var gert skammhlaup á gallvegum og hvarf þar eftir gulan. Orsökina var illkynja æxli í briskirtli með útsæði til lifrar og annarra líffæra í kviðarholi.

2. Það var ljóst strax eftir aðgerð þann 14.07. að sjúklingur hafði illkynja banvænan sjúkdóm sem mundi á tiltölulega stuttum tíma draga hann til dauða. Ekki mun sjúklingi sjálfum hafa verið skýrt frá þessu, en aðstandendum var strax skýrt frá hvað um væri að ræða.

3. Það er mjög sennilegt að sjúklingi til uppörvunar hafi honum verið sagt að ef hann hresstist mundi hann komast heim aftur af sjúkrahúsinu.

4. Það er ljóst að sjúklingur var algjörlega skýr í hugsun alla banaleguna alveg fram undir síðasta dag.“

IV.

Af stefnenda hálfu er ríkust áhersla lögð á að Pétur Jónasson hafi gert gjafaafsalið á dánarbedi og verði það því að fullnægja reglum um erfðaskrár, sbr. 54. gr. erfðalaga nr. 8, 1962. Þar sem ekki hafi verið gætt ákvæða VI. kafla þeirra laga um form erfðaskráa, beri að ógilda afsalið.

Þá er því haldið fram að jafnvel þótt formregluna erfðaskráa hefði verið fylgt beri að hafa gjafaafsalið að engu, þar sem hinn látni hafi ráðstafað meginhluta eigna sinna með því, eða 71,64% eignanna, miðað við skattframtal ársins 1982, og þannig brotið gróflega gegn ákvæðum 35. gr. erfðalaga.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að gjafaafsalinu hafi verið ætlað að koma til framkvæmda og það komið til framkvæmda að Pétri Jónassyni lifandi, enda þinglýst á meðan hann var enn á lífi og geymi það langvarandi yfirlýstan vilja hans. Um dánargjöf sé því ekki að ræða.

V.

Eins og rakið er hér að framan undirritaði Pétur heitinn Jónasson gjafaafsalið á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað hinn 28. júlí 1983 og afhenti stefnda sem samþykkti það með því að rita nafn sitt á skjalið. Afsalið var afhent til þinglýsingar hinn 5. ágúst 1983, degi áður en Pétur andaðist.

Sýnt er að Pétur Jónasson hafði þannig, á meðan hann lifði, svipt sig rétti til þess að ráðstafa eignum þeim sem greinir í afsalinu með löggerningi.

Þótt gjöfin hafi verið efnd í lifanda lífi Péturs Jónassonar sker það ekki

að fullu úr um hvort hún verður talin lífsgjöf eða dánargjöf, sbr. lokamálslið 54. gr. erfðalaga nr. 82, 1962 um gjafir gefnar á dánarbeði.

Með vætti vitna hefur stefndur sýnt fram á, að Pétur Jónasson hafði um nokkurt skeið haft í hyggju að gefa stefndum umræddar eignir, sbr. vitnisburð Helga Seljan, eða að minnsta kosti hluta þeirra, sbr. vitnisburð Unnar Bjargar Gunnlaugsdóttur.

Samkvæmt vottorðum yfirlækna Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað var Pétur heitinn skýr í hugsun til dauðadags og í raun hefur efni gjafa-afsalsins ekki verið vefengt.

Þá verður að telja víst að Pétri hafi ekki verið sagi frá því á meðan hann lá banaleguna að hann væri haldinn banvænum sjúkdómi. Þrjú barna hans hafa borið að hann hafi virst vita eða gruna hvað að honum gekk, en frekari vitneskju um hugmyndir Péturs heitins sjálfs um eðli sjúkdómsins og batahorfur liggur ekki fyrir.

Þegar allt framanritað er virt með hliðsjón af þeirri heimild sem felst í eignarrétti handa fjárráða manni til þess að ráðstafa kvaðalausum eignum sínum í lifanda lífi svo bindandi sé þykja ekki næg efni til þess að ógilda umrætt gjafaafsal Péturs Jónassonar dagsett 28. júlí 1983 til handa stefndum.

Eftir atvikum þykir mega ákveða að hvor aðili beri sinn málskostnað. Bogi Nilsson sýslumaður kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndur, Grétar Heimir Helgason, er sýkn af kröfum stefnenda, Báru Kolbrúnar Pétursdóttur, Öldu Guðbjargar Pétursdóttur og Viðis Más Péturssonar f.h. dánarbús Péturs Jónassonar.

Málskostnaður fellur niður.
